

31. desember 2021

Kæru foreldrar.

Nú hefst skólastarf senn á ný í leik- og grunnskólum eftir jólafrí. Í ljósi þess hve mörg Covid-19 smit eru í samféluginu okkar, þá vil ég hvetja ykkur til að huga vel að öllum sóttvörnum og áréttu að senda ekki börnin ykkar í skólann ef þau eru með einkenni. Þau ykkar sem hafa lagt land undir fót hugi enn fremur vel að þeim reglum sem gilda við landamærin á Íslandi.

Ákveðið hefur verið að fyrsti skóladagur eftir jólafrí (ýmist 3. eða 4. janúar hjá grunnskólum) verði skipulagsdagur í grunn- og leikskólum, í frístundastarfi og tónlistarskólanum. Þetta er gert til að gefa starfsfólk tækifæri til að laga starfsemina að aðstæðum í samféluginu og gildandi reglugerð. Miðað við hraða á útbreiðslu Covid-19 má búast við að röskun geti orðið á starfsemi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og tónlistarskóla á komandi dögum, en eins og áður verður reynt að leysa forföll eins og hægt er.

Eins og reynslan hefur sýnt okkur, þá hefur það mikil áhrif á skólastarf þegar upp koma smit hjá nemendum eða starfsfólk í skólum. Í kjölfarið þurfa oft mörg börn og fjölskyldur þeirra að fara í sóttkví sem er íþyngjandi aðgerð sem raskar daglegu lífi. Hægt er að minnka líkurnar á því með því að fylgja leiðbeiningum og tilmælum sóttvarnalæknis og heilbrigðisyfirvalda í hvítvetna og gæta ítrустu sóttvarna.

Með ósk um gleðilega hátíð og farsælt nýtt ár.

Kjartan Már Kjartansson  
Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.  
  
REYKJANESBÆR

Helgi Arnarson  
Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs.